

## Helstu páskahret

1850:

Páskadagur 31. mars. Miklir kuldar á pálmahelginni og fram eftir dymbilviku, en batnaði síðan til muna.

1857:

Páskar 12. apríl. Mjög kalt páskadagana (-11,6 stig á páskadagsmorgun í Stykkishólmi) eftir frostleysu fyrri hluta dymbilvikunnar.

1858:

Páskar 4. apríl. Miklar frosthörkur í dymbilviku og bænadagana, en linaði snögglega á laugardag fyrir páska.

1859:

Páskar 24. apríl. Linaði á páskadag eftir ótrúlegar frosthörkur vikunnar á undan.

1866:

Páskar 1. apríl. Gríðarleg frost í dymbilviku og um páskana, en linaði á miðvikudag eftir páska.

1867:

Páskar 21. apríl. Miklir kuldar í dymbilviku og um páskana.

1874:

Páskar 5. apríl. Mjög kaldur páskadagur (hiti -8,4) en minna frost dagana á undan og eftir.

1875:

Páskar 28. mars. Góð hláka fram eftir dymbilviku, en kast kom á föstudaginn langa og laugardag með miklu frosti. Linaði aftur á páskadag.

1876:

Mikið og langvinnt hret gerði í kringum páska 1876, páskadag bar upp á 16. apríl. Mikil hríðarsyrpa stóð frá 7. apríl síðan dúraði heldur og veður á páskadag var allgott. Síðan skall á mikið hret, á sumardagsmorguninn fyrsta var hiti í Stykkishólmi -11,8 stig í norðaustan bálviðri. Mikið sandfok var á Rangárvöllum og í Skaftafellssýslum, með miklum skemmdum á túnnum og engjum. Allmiklir fjárskaðar í Dölum um þetta leyti.

1877:

Páskar 1. apríl. Mikil frost um páskana og hríðarveður, einna verst á annan páskadag.

1882:

Mikið hret hófst á páskadag (9. apríl), en aðalhret vorsins 1882 tengist þó ekki páskunum það varð undir lok aprílmánaðar.

1883:

Þetta ár voru páskarnir snemma, páskadagur 25. mars. Þann dag gekk í norðaustanillviðri með miklu frosti og stóð það til 1. apríl. Mikið og mannskætt brim gerði við suðurströndina 28. og 29.

1885:

Páskar 5. apríl. Mikið hret í dymbilvikunni, sérstaklega á miðvikudag. Linaði á laugardegi.

1888:

Mikið hret í dymbilvikunni, skall á með pálma, en batnaði mikið á páskadag (1. apríl). Kirkjan á Holti undir Eyjafjöllum brotnaði af grunni og færðist til, þá fuku einnig þrír bátar á svipuðum slóðum, 11 menn fórust með áttæring frá Patreksfirði í sama veðri. Miklir fjárskaðar urðu í Bárðardal og Reykjadal í Þingeyjarsýslu.

1889:

Páskadagur 21. apríl. Þá var allmikið hret, m.a. varð jörð alhvít í Reykjavík á annan páskadag.

1891:

Mikið hret í dymbilvikunni (páskadagur 29. mars), hefði vafalaust valdið vandræðum nú á tímum, tíð batnaði með öðrum páskadegi.

1901:

Hret stóð frá pálmasunnudegi (31. mars) fram yfir páska (7. apríl). Verst varð veðrið um páskahelgina.

1902:

Mikið kuldakast mestallan síðari hluta marsmánaðar og fram til 5. apríl. Páskadag bar upp á 30. mars með miklu frosti, en aðalillviðrið var fyrstu daga dymbilvikuna. Þá rak hákarlaskip upp í ofsaveðri á Siglufirði á miðvikudegi. Breskur línuveiðari strandaði við Bervík á Snæfellsnesi.

1903:

Páska bar upp á 12. apríl, daginn áður hófst allmikið en skammvinnt hret, þá fórst bátur frá Sandgerði.

1906:

Þótt hægt sé að tala um kuldakast um páskana (15. apríl) voru aðalillviðrin í þessum óvenjuillviðrasama mánuði viku áður og síðan í lok mánaðarins.

1907:

Páskar 31. mars. Miklir umhleyplingar og illviðri með mannsköðum í dymbilvikunni, en ekki svo kalt. Óvísst hvort telja á sem páskahret.

1911:

Páskar 16. apríl. Allmikið hret með hríðarbyl um mestallt land og miklu frosti um páska, stóð þó stutt, var verst frá föstudeginum langa og fram á páskadag.

1913:

Páskar 23. mars. Allmikið frost alla dymbilvikuna, en veðurharka ekki mikil. Talsvert virðist hafa snjóað, jafnvel í Vestmannaeyjum. Gott veður á páskadag.

1914:

Páskar 12. apríl. Vetrarveðráttastalla páskahelgina.

1915:

Páskar 4. apríl. Mikið frost um miðja dymbilvikuna, síðan hvassviðri með snjókomu og síðar hláku.

1916:

Viðloðandi hretatið í apríl, páskana bar upp á þann 23. og þá voru enn frost. Norðaustanillviðri var laugardag fyrir páska. Þá fórust níu á vélbát við Vestfirði. Fleiri bátar lentu í hrakningum.

1917:

Aftaka norðanveður með miklum sköðum víða um land hófst síðdegis laugardag fyrir páska (þann 7. apríl) og stóð linnulítið í marga daga. Miklir fjárskaðar, m.a. í Húnavatnssýslum, í Dýrafirði og Arnarfirði. Að minnsta kosti tveir urðu úti, kona við Valbjarnarvelli í Borgarfirði og maður við Borg í Arnarfirði. Sagt að enginn staur hafi verið óbrotinn í bæjarsímanum á Seyðisfirði. Skúta sökk þar á firðinum og önnur á Eskifirði. Vélbátar brotnuðu bæði á Eskifirði og Reyðarfirði. Í Reyðarfirði f auk hlaða og fjárskaðar urðu. Hlaða f auk í Mjóafirði. Bátar og hús skemmdust á Djúpavogi og þar í grennd. Skip fuku undir Eyjafjöllum og tvær hlöður á Rauðafelli þar í sveit. Hlöður fuku á Háeyri og í Votmúla í Flóa. Skaðar urðu á húsum í Borgarfirði og fé fennti í Fornahvammi. Vélbátur brotnaði í Grundarfirði. Skaðar urðu á jörðum í Lóni af sandfoki og grjótflogi.

1918:

Mikið hret hófst á þriðjudag í dymbilviku (páskar 31. mars), en var ekki slæmt um land allt.

1919:

Skyndileg hláka um páskana (páskadagur 20. apríl) ofan í mikinn snjó olli miklum krapahlaupum. Snjóflóð féll við Leikskála í Haukadal í Dalasýslu og braut fjárhús, 120 fjár fórust. Snjóflóð féllu einnig við bæina Hornstaði og Gröf (í Laxárdal í Dölum), skemmdi túnið á fyrrnefnda staðnum, en skemmdir urðu litlar í Gröf þótt flóðið félli að húsum. Stórkostleg krapahlaup í Eyjafirði eyðilögðu fjárhús á nokkrum bæjum, einnig í Svarfaðardal og á Látraströnd. Krapahlaup féll á baðstofu í Geirhildargörðum í Öxnadal, mannbjörg varð. Helgina áður fórust 18 manns í stórkostlegum snjóflóðum í Siglufirði og nágrenni.

1920:

Mikið norðankast hófst á páskadag og stóð í rúma viku.

1921:

Á annan páskadag (17. apríl) fórst vélbátur í miklu brimi á Stokkseyrarsundi. Daginn eftir fórst vélbátur frá Hafnarfirði í útsynningsillviðri á Faxaflóa, fleiri bátar lentu í hrakningum.

1926:

Hret á pálmásunnudag (28. mars) stóð fram eftir dymbilvikunni. Þak f auk af íbúðarhúsi og stór geymsluskúr f auk á Leirvogstungu í Mosfellssveit (30.), bát rak á land við Elliðaárósa (29.). Bátur með fjórum mönnum fórst nærri Viðey.

1930:

Páskadag bar upp á 20. apríl. Þann dag, daginn áður og daginn eftir var mikil blíða. Síðan gerði allmikið hret með stórhrið norðanlands. Þar urðu símabilanir og fé fórst.

1932:

Mikið hret miðvikudag eftir páska (páskadagur 27. mars). Miklar símabilanir á Norðurlandi og 40 staurar brotnuðu í Bitru.

1933:

Páskar 16. apríl. Allmikið illviðri í dymbilvikunni, verst á mánudeginum (10.), en ekki mjög kalt. Togarinn Skúli fógeti strandaði við Grindavík, 13 drukknuðu, en 24 var bjargað í land á línu. Bát rak í land í Ólafsfirði og braut í spón. Margt fé fennti í Vestur-Skaftafellssýslu.

1942:

Páskadagur 5. apríl. Talsvert hret um páska, frá föstudeginum langa og fram í miðja næstu viku.

1943:

Seinir páskar (25. apríl). Allmikið hret í dymbilvikunni, verst á mánudegi og þriðjudegi. Mikil ófærð á Hellsheiði syðra, snjódýpt 10 cm í Reykjavík og 28 cm í Grindavík.

1949:

Páskadagur 17. apríl, Miðvikudaginn eftir páska (20. apríl) gerði óvenjumikinn hríðarbyl suðvestanlands. Tvö til þrjú hundruð manns hröktust á Hellsheiði er bifreiðar sátu fastar í blindhríð.

1951:

Páskadagur 25. mars. Mikil vetrartíð bæði í dymbil- og páskavikum. Mikil snjóþyngsli á Norður- og Austurlandi.

1953:

Páskadagur 5. apríl. Mjög erfitt tíðarfar í dymbilvikunni, framhald á illviðri vikuna á undan þegar mikil snjóflóð féllu á Vestfjörðum. Á mánudag fauk flugvél út af flugbraut í Vestmannaeyjum, vélin skemmdist en fólk meiddist ekki. Á skírdag féll snjóflóð á kirkjugarðinn á Flateyri og olli spjöllum, sama dag braut brim skarð í skjólvegg hafnargarðs í Ólafsfirði. Tveir fórust þegar snjóflóð féll á bæinn Auðnir í Svarfaðardal á föstudaginn langa. Sjö kýr drápust og allt sauðfé. Fleiri snjóflóð ollu sköðum Eyjafirði. Á annan páskadag eða daginn eftir féll snjóflóð á útihús á Þrastarstöðum á Höfðaströnd í Skagafirði.

1957:

Páskadagur 21. apríl. Þriðjudag í dymbilviku (16.) varð mikið sjávarflóð á Álftanesi, veginn tók af og bæir voru umflotnir sjó.

1961:

Páskadagur 2. apríl. Kuldatíð í dymbilviku og um páska.

1963:

Páskadagur 14. apríl. Frægasta páskahretið. Veðrið skall skyndilega á eftir miðjan dag á þriðjudegi, 9. apríl, með hörkufrosti og stormi eftir óvenjumilda tíð. Miklir mannskaðar urðu í hretinu, 18 menn fórust á sjó og fádæma skemmdir urðu á gróðri. Fimm menn fórust af tveimur bátum frá Dalvík, 2 menn af báti frá Þórshöfn, 2 af báti frá Siglufirði. Allir þessir bátar voru norðan við land, skip fórst einnig við Reykjanes, þar fórust fimm, en sex björguðust naumlega. Tvo menn tók út af þýskum togara. Fjárskaðar urðu vestan- og norðanlands. Bátur sökk í Vopnafjarðarhöfn, mikið brim var á þeim slóðum. Rúður brotnuðu í húsum á Hvallátrum, þak tók af fjárhúsum í Breiðuvík og hús í Hænuvík löskuðust nokkuð. Miklir skaðar urðu á sunnanverðu Snæfellsnesi, þök tók af útihúsum á Bláfeldi, Lýsuhóli, Kálfavöllum, Hraunsmúla, Hofgörðum og Hólakoti og af íbúðarhúsi á Hóli. Bíll fauk út af veginum við Bláfeld. Steinsteipt sæluhús fauk í Hafursey á Mýrdalssandi. Á páskadaginn tók þak af hálfum fjárhúsum á Hjarðarfelli á Snæfellsnesi.

1965:

Páskadagur 18. apríl. Hret viðloðandi alla dymbilvikuna og fram á annan páskadag.

1967:

Páskadagur 26. mars. Miklar samgöngutruflanir í miklu hríðarveðri sem hófst á föstudaginn langa og stóð yfir páskana. Grjótflog skemmdi bíla og þeir fuku af vegum. Fólk lenti víða í hrakningum. Bátar í Njarðvíkurhöfn voru hætt komnir vegna ísingar. Stórt gróðurhús í Mosfellssveit eyðilagðist. Áætlunarbíll fuk út af vegi í Kollafirði og valt. Snjóflóð féll úr Bjólfinum á Seyðisfirði og á mjölskemmu. Lagðist skemman saman, fleiri snjóflóð féllu í firðinum.

1970:

Páskar 29. mars. Mikið illviðri gerði í dymbilvikunni og varð verst frá þriðjudegi fram á skírdag. Járnlötur fuku og rúður brotnuðu í Flatey. Þakplötur fuku af allmörgum húsum á Seyðisfirði og rúður brotnuðu, maður fékk glerbrot í auga. Bíll fuk á hliðina. Mikið tjón varð á Hánefsstöðum í Seyðisfirði, þar fuk allt hlöðupakið og hluti af áföstu fjóspaki, rúður brotnuðu í íbúðarhúsinu og járn tók af fleiri húsum. Mikið járn fuk af gamalli fiskimjölsverksmiðju og mjólkurstöð á Djúpavogi (á skírdag, 26.). Rúður brotnuðu í Neskaupstað. Þak fuk af hlöðu í Tungu í Höfðadal, margir lentu í hrakningum á heiðum. Víða urðu skemmdir og ferðafólk á páskaleiðum lenti í hrakningum.

1975:

Páskadagur 30. mars. Norðanskot sem stóð mjög stutt. Maður varð úti í Hestfirði í Ísafjarðardjúpi. Gámur fuk á bifreið í Vestmannaeyjum og skemmdi hana mikið. Skemmdir urðu einnig á rúðum og lakki bíla. Jeppi fuk út af vegi við Seljaland undir Eyjafjöllum. Farþegar slösuðust.

1976:

Á skírdag, 15. apríl, lentu tæplega hundrað bílar í miklum hrakningum á Holtavörðuheidi.

1979:

Páskadagur 15. apríl. Á skírdag fuk kyrrstæð fólksbifreið á Skeiðarársandi og varð að járnahrúgu, þar var mikið grjótflog og brotnuðu rúður í allmörgum bílum og lakk eyðilagðist.

1983:

Páskadagur 3. apríl. Samgöngutruflanir urðu páskadagana vegna hríðarveðurs.

1994:

Páskadagur 3. apríl. Aðfaranótt þriðjudags eftir páska fórst maður og mikið eignatjón varð er stórt snjóflóð féll á skíða- og sumarbústaðahverfi við Ísafjörð. Víðar varð þá tjón af snjóflóðum.

1996:

Páskadagur 7. apríl. Á skírdag var mikil ófærð suðvestanlands í miklu hríðarveðri, samgöngur lömuðust. Talsvert tjón varð í fjöldaárekstrum og nokkur meiðsli urðu á fólki.

Síðan hafa ekki orðið teljandi páskahret.